

Framboð til stjórnarsetu í Lífsverk, lífeyrissjóði.

Margrét Elín Sigurðardóttir

margretelin@me.com



Ég er 47 ára verkfræðingur og hef mestan hluta ferils míns starfað sem ráðgjafaverkfræðingur í einkageiranum. Í lok síðasta árs tók ég nýtt skref á starfsferli mínum og gekk til liðs við Reykjavíkurborg sem verkefnastjóri.

Hagsmunir og kjör samferðafólks hafa lengi verið mér hugleikin. Ég sat í stjórn kjaranefndar VFI í sex ár, þar af þrjú sem formaður, og var í samninganefnd VFI í kjarasamningsviðræðum við FRV. Þessi reynsla hefur veitt mér dýrmæta innsýn í réttindamál launafólks og mikilvægi traustra sjóðakerfa.

Ég býð mig nú fram sem fulltrúi sjóðfélaga - með einlægan vilja til að gæta hagsmuna allra. Ég mun leggja ríka áherslu á að jafnvægi ávöxtunar og áhættu sé til þess fallið að réttindaöryggi sjóðfélaga sé í forgangi.

Ég óska hér eftir þínu atkvæði til að nýta reynslu mína og þekkingu í þágu allra sjóðfélaga. Verði ég kjörinn mun ég kappkosta að Lífsverk haldist traustur og álitlegur kostur fyrir núverandi sem og nýja sjóðfélaga.

Menntun:

2016, M.Sc. Jarðtækniverkfræði, Háskólinn í Árósum

2011, B.Sc. Byggingatæknifræði, Háskólinn í Suður Danmörku

Starfsreynsla:

2024-, Reykjavíkurborg, verkefnastjóri á skrifstofu framkvæmda og viðhalds

2019 - 2014, Cowi (Mannvit hf)

2018 – 2019, Orbicon Arctic. Jarðtækniverkfræðingur

2016 – 2018, Verkís. Jarðtækniverkfræðingur

2015, Vegagerðin. Tæknifræðingur, sumarstarf

2005 – 2011, Maersk, Lindø. Verktaki, Danmörku

2010, Novoco A/S- Totalentrprise, Danmörku (starfsnám)

Nefndarstörf:

2024 - 2024, Stjórn sjúkrasjóðs Verkfræðingafélag Íslands

2021 - 2024, Aðalstjórn Verkfræðingafélags Íslands

2021 - 2024, Formaður kjaranefndar, Verkfræðingafélag Íslands

2019 - 2024, Kjarasamninganefnd VFI við FRV

2018 - 2020, Stjórn kjaranefndar, Verkfræðingafélag Íslands

2019 - 2021, Stjórn Jarðtæknifélag Íslands

2017 - 2020, Spegilnefnd EC7 fyrir hönd Íslands (JTFI)

2018 - 2019, Skipulagsnefnd fyrir ECMGE-2019 Evrópu ráðstefna í jarðtækni